

28 ins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld 25. febr. hans, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skal reikningur gerður í marz-mánuði ár hvert og reikningurinn birtur í Lögbirtingablaðinu.

## 11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 23. febrúar 1941.

Jón Pálsson.

Anna S. Adólfsdóttir.

29

4. marz

## REGLUGERÐ

## um skemmtanaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Bólstaðarhlíðarhreppi og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

## 1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

## 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrra flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

## 4. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

## 5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. 29 4. marz

## 6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 7. gr.

Skattatekjur samkvæmt reglugerð þessari renna til bókasafns hreppsins. Reikningar bókasafnsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

## 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 4. marz 1941.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## ERINDISBRÉF

30

12. marz

fyrir skoðunarmann verksmiðja og véla í I. skoðunarumdæmi.

Starf skoðunarmanns skal einkum fólgið í því, sem hér greinir:

Hann skal ferðast um umdæmi sitt, eftir því sem skoðunarstjóri felur honum og skoða eftirlitsskyld fyrirtæki innan umdæmisins. Skal hann líta eftir því, að öllum fyrirmælum um öryggisbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, sem krafist er í lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, sé framfylgt. Hann skal leiðbeina iðnrekendum og öðrum, er slík mál varða, um allt það, er við kemur öryggi og hollustuháttum á vinnustöðvum.

Undir eftirlit hans heyra öll minni háttar eftirlitsskyld fyrirtæki, og vandalitlar skoðanir innan umdæmisins, þó með þeim undantekningum, sem skoðunarstjóri ákveður í einstökum tilfellum.

Hann skal starfa í náinni samvinnu við skoðunartjóra og vinna á skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík, eftir því, sem honum kann að verða falið, og tími vinnst til.

Í fjarveru skoðunarstjóra er hann fulltrúi hans og veitir þá skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík forstöðu.

Hann telst fastur starfsmaður eftirlitsins og hefur föst laun fyrir starf sitt.

Hann skal undirrita drengskaparheit um, að hann vilji inna starf sitt af hendi samvizkusamlega.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*